



AALBORG PORTLAND ÍSLAND HF

Alþingi
Erindi nr. þ 128/168
komudagur 20.11.2002

Aalborg Portland vísar á bug dylgjum um undirboð

-Eftir ótvíræða niðurstöðu samkeppnisfirvalda er óþolandi að fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins ástundi dylgjur og beri fram ósannar fullyrðingar

Aalborg Portland Íslandi hf. [APÍ] mótmælir ásökunum Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi, ályktun fundar á vegum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Rafiðnaðarsambands Íslands, um að félagið stundi undirboð á sementsmarkaði. APÍ hefur boðið Íslendingum sement sem þolir verðsamanburð við Evrópulönd frá því félagið hóf innflutning haustið 2000. Félagið hefur ekki ástundað undirboð en mun kappkosta að bjóða Íslendingum gæða sement á góðu verði. Fremur en að gagnrýna APÍ ber að fagna samkeppni á íslenskum sementsmarkaði.

Hið virta tímarit, International Cement Review, birti úttekt á verði sements í Evrópu í júní 2001. Þar kemur fram, að áður en APÍ hóf innflutning, hafi sementsverð í gervallri Evrópu verið langhæst á Íslandi, tonnið vel yfir 100 evrur á meðan það var 55-75 evrur í V-Evrópu. "Ísland er öfgafullt dæmi um lítinn, fjarlægjan markað þar sem hráefni er fráleitt ákjósanlegt," segir í grein blaðsins. Vegna hins háa sementsverðs á undanförunum árum og áratugum undanskilur tímaritið Ísland í samantekt sinni á sementsverði í Evrópu.

APÍ hóf að flytja inn sement í lausu til Íslands frá Danmörku haustið 2000. Um þær mundir lækkaði Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi verð til sementskaupenda umtalsvert. Afleiðingarnar hafa komið í ljós. Sementsverksmiðjan hf. var rekin með 228 milljóna króna halla árið 2001 og forsvarsmenn verksmiðjunnar segja að það stefni í mikinn hallarekstur árið 2002.

APÍ bendir á að Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi hafi kært félagið til Samkeppnisstofnunar vegna meintrar undirverðlagningar á innfluttu sementi. Samkeppnisstofnun sá ekki ástæðu til þess að grípa til aðgerða samkvæmt úrskurði í maí 2002. Í úrskurðinum felst, að Samkeppnisráð taldi að verðlagning APÍ á sementi hafi ekki verið í andstöðu við ákvæði og tilgang samkeppnislaga. Úrskurðurinn var staðfestur af Áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Ítrekaðar dylgjur um undirboð eru því ólíðandi og vitnisburður um veikan málstað Sementsverksmiðjunnar og ekki sáemandi ríkisfyrirtæki.

Aalborg Portland Íslandi hf. kærði í ársbyrjun Sementsverksmiðjuna hf. til Samkeppnisstofnunar fyrir brot á góðum viðskiptaháttum. Við forathugun Samkeppnisstofnunar var talið koma til álita að sekta Sementsverksmiðjuna fyrir brot á samkeppnislögum. Af því var þó ekki þar sem Sementsverksmiðjan var ekki talin markaðsráðandi, þó hún á þessum tíma hafi ráðið um 80% af íslenskum sementsmarkaði. Í athugun er af hálfu APÍ að áfrýja þeim úrskurði til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Sementsverksmiðjan kærði í árslok 2001 Aalborg Portland A/S í Danmörku til Eftirlitsstofnunar EFTA - ESA vegna meintra undirboða. Aalborg Portland A/S skilaði greinargerð til ESA í janúar 2002. Þar er málið enn til umfjöllunar. APÍ hvetur íslensk stjórnvöld til þess að óska flýtimeðferðar stofnunarinnar, því það er ólíðandi að sitja stöðugt undir ásökunum og dylgjum fyrirtækis í eigu íslenska ríkisins.

Aalborg Portland Íslandi hf. er rekið með hagnaði og f.o.b - verð Aalborg Portland A/S í Danmörku á sementi til Íslands er sambærilegt við önnur lönd sem fyrirtækið selur til innan Evrópu. Aalborg Portland A/S í Danmörku og dótturfyrirtæki þess á Íslandi eru þess fullviss að niðurstöður ESA staðfesti að ástunduð séu heiðarleg viðskipti á Íslandi, eins og fyrirhugað er að gera um ókomna tíð. APÍ vísar á bug ásökunum og dylgjum um undirboð. Þvert á móti ættu Íslendingar að fagna því að samkeppni ríki loks á íslenskum sementsmarkaði, eftir liðlega 40 ára ríkiseinokun á framleiðslu og sölu á sementi. Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Skandia fyrir Einkavæðingarnefnd árið 1999 kom fram að verð á sementi var mun hærra á Íslandi en í öðrum löndum Evrópu. Heilbrigð samkeppni stuðlar að lækkun byggingarkostnaðar og bættum lífskjörum Íslendinga. Það er kjarni málsins.

Fréttatilkvæning 19. nóvember 2002:

Upplýsingar: Bjarni Óskar Halldórsson,
framkvæmdastjóri Aalborg Portland á Ísland hf.



Alþingi
Erindi nr. P 128/498
komudagur 4.12.2002

AALBORG PORTLAND ÍSLAND HF

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8 – 10,
150 REYKJAVÍK.

Kópavogi, 2. desember 2002.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi, 32 mál.

Óhætt er að fullyrða að það ástand sem ríkt hefur á sementsmarkaði á Íslandi um nokkuð langt skeið er í mörgu sérstakt, ekki síst með vísan til þess að Sementsverksmiðjan hf (SV), sem er með ráðandi stöðu á markaðnum, er að fullu í eigu og forsjá ríkisins. Dylgjur og ásanir af hálfu forystumanna Sementsverksmiðjunnar, einstakra þingmanna, bæjarráðs Akraness og fleiri aðila á hendur Aalborg Portland um meint undirboð og tilraunir til þess að knésetja SV eru ekki sámandi í lýðræðisríki. Um þverbak keyrir þegar óhróður og dylgjur teljast innlegg í kosningabaráttu einstakra þingmanna. Ætla verður að samkeppni tveggja fyrirtækja væri litin öðrum augum ef ekki væri um ríkisfyrirtæki að ræða

Eins og kunnugt er hefur samkeppnisráð þann 16. maí 2002 og áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 23. júlí 2002 úrskurðað um kærnu SV á hendur Aalborg Portland Íslandi hf., APÍ. Niðurstaða þeirra úrskurða var að ekki væri tilefni til aðgerða gegn Aalborg Portland af hálfu samkeppnisyfirvalda. Undirritaður hélt á dögnum ásamt lögfræðingi APÍ fund með þeim Guðmundi Sigurðssyni og Önnu Dögg Hermannsdóttur hjá Samkeppnisstofnun. Á fundinum kom fram að í ofangreindum úrskurði hafi ekki var tekin afstaða til þess hvort APÍ væri að undirbjóða SV þrátt fyrir að orðalag í úrskurðinum gefi tilefni til að ætla annað. Þar sem ekki sé um markaðsráðandi fyrirtæki að ræða (APÍ), þurfi ekki að taka efnislega afstöðu til verðlagningar. Það er mikilvægt að þetta komi fram m.a. með vísan til umsagnar Samtaka iðnaðarins dags 27.11.2002.

APÍ kærði SV til Samkeppnisstofnunar hinn 28. janúar 2002 og féll úrskurður samkeppnisráðs í því máli þann 28. október 2002. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að SV væri ekki markaðsráðandi þrátt fyrir fyrri úrskurð frá 16. maí 2002 þar sem SV taldist vera markaðsráðandi. Áður hafði Samkeppnisstofnun upplýst SV um yfirvofandi stjórnvaldssekt fyrir brot gegn samkeppnislögum. APÍ hefur þann 28.11.2002 áfrýjað þessum úrskurði. (Sjá meðfylgjandi fylgigagn merkt 1.)

SV kærði APÍ aftur þann 4. október 2002 fyrir Samkeppnisstofnun en stofnunin vísaði málinu frá að sinni enda kærán í veigamiklum atriðum sú hin sama og kæra SV á hendur Aalborg Portland A/S til ESA (eftirlitsstofnunar EFTA).

Með vísan til ofangreinds er ljóst að enn er beðið úrskurðar kærnu SV á hendur Aalborg Portland A/S til ESA (Eftirlitsstofnunar EFTA). Einnig úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála um kærnu APÍ gegn SV. Jafnframt hefur APÍ beint fyrirspurn til Samkeppnisstofnunar 28.11.2002 vegna kaupa SV á Einingaverksmiðjunni hf. í ljósi sterks kaupendamarkaðar og laga um samruna fyrirtækja.

Á nýlegum fundi Iðnaðaruefndar með málsaðilum kom m.a. fram í máli Guðmundar Sigurðssonar, forstöðumanns samkeppnismála hjá Samkeppnisstofnun, að úrskurður ESA (eftirlitsstofnunnar EFTA) sé væntanlegur á næstu dögum eða á allra næstu vikum. Á það skal einnig bent að áfrýjun vegna kæru APÍ gagnvart SV ber að afgreiða með úrskurði áfrýjunarnefndar innan 6 vikna frá kæru sem lögð var fram 27. nóvember 2002.

Með vísan til ofangreinds liggur fyrir að úrskurðir ESA og íslenskra samkeppnisyfirvalda munu að öllu líkindum liggja fyrir í janúar 2003.

Hér verður leitast við að svara helstu ásökunum og dylgjum sem forráðamenn og forsvarsmenn SV hafa haft uppi gagnvart samkeppnisaðila, þ.e. APÍ.

“Með vísan til verðlistaverðs þá er sement til steypustöðva í Danmörku mun herra en verð til APÍ á Íslandi.”

Svar: Það sama á sér stað í Danmörku og á Íslandi, þ.e. að verðlistaverð er eitt og samningsverð til einstakra viðskiptamanna er annað, sbr. verð SV ef vísað er til verðlista er 9.510 krónur tonnið en söluverð til stærsta viðskiptaáðila er talið vera u.þ.b 2/3 af auglýstu verðlistaverði. Það er því ekki rétt að bera hæsta verð í Danmörku saman við lægsta verð á Íslandi. Einnig ber að líta til þess að sement er í reynd ódýr vara í framleiðslu og allt annar kostnaður og álögur því meðfylgjandi að flytja sement í bílförum til einstakra viðskiptavina víðsvegar í Danmörku en að setja allt að 7.000 tonn af sementi um borð í skip beint við verksmiðju í Álaborg. Einnig skal bent á að APÍ er dreifingaraðili á sementi en ekki steypustöð. Sem kunnugt er, þá er verð á sementi sem flutt er með skipum til Íslands, c.i.f DKR 415 pr. tonn.

“Aalborg Portland A/S stundar “dumping” á verði til Íslands með það að markmiði að knésetja Sementsverksmiðjuna hf.”

Svar: Í svari Aalborg Portland A/S til ESA (Eftirlitsstofnunnar EFTA) kemur glögglega fram að verð fyrirtækisins á Rapid sementi til Íslands f.o.b. DK eru ekki frábrugðin verðlagningu fyrirtækisins á Rapid sementi til annarra landa sem fyrirtækið selur til innan Evrópu. Beðið er úrskurðar ESA. Einnig skal á það bent að SV lækkaði sementsverð á Íslandi nokkru áður en APÍ hóf að selja sement utan Reykjaness. (Sjá meðfylgjandi útskrift af vefsíðu SV, fylgigagn 2.)

“Ef starfsemi SV leggst niður mun APÍ komast í einokunarstöðu og þá verður þess ekki lengi að bíða að sementsverð hækki upp úr öllu valdi.”

Svar: Á það skal bent að samkeppni á sementsmarkaði í gjörvallri Evrópu er hörð (sjá m.a. fréttatilkynningu AP dags 19.11.2002 fylgigagn 3.). Með vísan til starfsemi APÍ á Íslandi skal upplýst að fjárfesting í einu síló og t.d. 2 tankbifreiðum er lægri en sem svarar til 150 milljóna króna. Ennþá ódýrara ef nýtt eru fyrirliggjandi síló SV. Ekki þarf að efast um að auðvelt er að ná í viðskiptasambönd og hefja samkeppni í innflutningi til Íslands, teljist það hagkvæmur kostur. Það er því fráleitt að ætla að APÍ hafi það sem markmið að komast í einokunaraðstöðu á Íslandi. Einnig skal í þessu sambandi minnt á hátt sementsverð á Íslandi í samanburði við önnur lönd í Evrópu, sbr. skýrslu Einkavæðingarnefndar í maí 1999. (Sjá fylgigagn 4 og grein í *International Cement Review*, June 2001. Sjá fylgigagn 5.)

APÍ hefur um all langt skeið þurft að verjast hörðum ásökunum og meiðandi ummælum forráðamanna SV sem og annarra hagsmunaaðila. Vegna eignarhalds ríkisins á SV þurfa stjórnvöld að vanda alla málsmeðferð þannig að ekki sé efast um óhlutdrægni ríkisvaldsins. Nægir í þessu sambandi að benda á málflutning sem hafður hefur verið uppi um fyrirtækið úr ræðustól á Alþingi. Einnig að forsjá SV,

Samkeppnisstofnunar, Flutningsjöfnunarsjóðs sements og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins er í höndum eins og sama ráðherra sem skipar í stjórnir, ýmist starfsmenn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, sbr. Gunnar Örn Gunnarsson, stjórnarformann SV eða pólitískt, sbr. Gísli Gíslason, bæjarstjóra og Guðjón Guðmundsson, alþingismaður sem báðir eru báðir stjórnarmenn SV. Þess skal þó getið að bæði formaður og varaformaður samkeppnisráðs, sem jafnframt er formaður Flutningsjöfnunarsjóðs sements, sögðu sig frá málarekstri á vegum samkeppnisráðs í kærumálum SV og APÍ vegna tengsla við SV.

Umræða um samkeppni á sementsmarkaði undanfarið hefur tekið nær einvörðungu mið af áhrifum á rekstur SV. Það er staðreynd að kaupendur á sementsmarkaði og neytendur hafa notið góðs af þeim lágu verðum sem samkeppnin hefur leitt af sér. Það má lengi deila um ástæður lágrar verðlagningar og orsakir verðstriðs á íslenskum sementsmarkaði, en ekki er um deilt að frumorsök er samkeppni. Ég vil leyfa mér að halda því fram að skýringa á lágum verðum sé ekki síst að finna í því, að SV reyndi að bægja frá samkeppni á sementsmarkaði með verðlækkunum. Á það skal bent að Sementsverksmiðjan var rekin með halla árið 2001 og forsvarsmenn SV hafa sagt opinberlega að það stefni í mikinn hallarekstur 2002. Það skal tekið fram með vísan til 10 mánaða uppgjors, að APÍ sér fram á hagnað af starfsemi fyrirtækisins vegna ársins 2002.

Ég vil nú leyfa mér með nokkrum orðum í formi spurninga til þingmanna, að upplýsa hvernig samkeppnisumhverfi á sementsmarkaði birtist undirrituðum f.h. APÍ.

Spurningarnar sem ég leyfi mér að bera fram um málefni Sementsverksmiðjunnar hf. eru eftirfarandi: Skáletrað er skoðun undirritaðs f.h. APÍ.

1. Er þingmanni kunnugt um skiptingu útistandandi viðskiptaskulda, víxileigna og ábyrgða utan efnahags samkvæmt ársreikningi SV vegna ársins 2001? Að þessir liðir dags 31.12.2001 námu samtals kr 806,5 mkr eða 93,4% af veltu SV vegna ársins 2001. *APÍ telur að hér sé m.a. að finna mjög háar fjárhæðir sem geta flokkast sem mjög óvenjulegar fyrirgreiðslur til vildarviðskiptamanna SV.*
2. Er þingmanni kunnugt um með vísan til ábyrgða utan efnahags, að skuldabréf fyrir hundruð milljóna króna með ábyrgð SV hafa gengið kaupum og solum á verðbréfamarkaði, m.a. til lifeyrissjóða? Greiðandi er vildarviðskiptavinur og ábyrgðaraðili er SV. *APÍ telur þetta óeðlilega fyrirgreiðslu og vafasamt viðskiptasiðferði fyrirtækis í rikiseigu.*
3. Er þingmanni kunnugt um að hugsanlegt sé, að SV bjóði lægsta verð á sementi sem þekkist hér á markaði til vildarviðskiptavinar og í formi einkakaupasamnings? *APÍ leyfir sér að efast stórlega um að lægsta verð á sementsmarkaði séu verð APÍ. APÍ veitir hér með sitt leyfi til að þingnefndin leiti staðfestingar hér um hjá Samkeppnisstofnun.*
4. Er þingmanni kunnugt um að hefði SV verið talin markaðsráðandi í nýlega birtum úrskurði Samkeppnisráðs, þá hefði fyrirtækið sennilega fengið á sig stjórnvaldssekt vegna einkakaupasamnings við vildarviðskiptavin? *APÍ bendir í þessu sambandi á úrskurð Samkeppnisráðs 32/2002 sjá bls. 5.*
5. Er þingmanni kunnugt um að helsta skýring forystumanna SV til samkeppnisyfirlýsinga á tilurð einkakaupasamnings var, að þeir hafi ekki vitað að þeir væru að brjóta lög? *APÍ telur þetta ófullnægjandi svar frá ríkisyfirtæki undir forsjá ráðherra samkeppnismála. Slík svör hafa ekki dugað öðrum fyrirtækjum sbr. t.d. mál Skafunnar. Einnig ber að líta til þess, að SV hefur fyrir nokkru sætt úrskurði Samkeppnisráðs fyrir brot á samkeppnislögum*

gagnvart Hlaðbæ-Colas. Einnig ber að líta til reynslu forráðamanna SV í samkeppnismálum eftir að hafa kært AP/API nú í þriggung.

6. Er þingmanni kunnugt um að úrskurður samkeppnisráðs á dögnum þess efnis að SV væri ekki markaðsráðandi þrátt fyrir 80% markaðshlutdeild er rökstuddur með vísan til sterkrar stöðu fárra sementskaupenda? Í ljósi þessa og meintrar bágrar stöðu SV vekur athygli að ríkisfyrirtækið keypti á dögnum stóran hlut í Einingaverksmiðjunni hf sem fram til þess tíma var í viðskiptum við Aalborg Portland Íslandi hf. *API telur að kaupverð sé u.þ.b. 200 mkr. og að gjaldmiðillinn til seljanda, þ.e. Steypustöðvarinnar sé að mestu leyti sement. Samanlögð velta SV og Einingaverksmiðjunnar hf. fer langt yfir 1 milljarð króna, sem er viðmiðunarmark samkeppnislaga um tilkynningarskyld viðskipti með hlutabréf félaga í öðrum félögum í sömu atvinnugrein og samruna félaga. Þessi gjörningur SV orkar tvímælis með tilliti til viðskiptasiðferðis og ákvæða samkeppnislaga.*
7. Er þingmanni kunnugt um að verð á pökkuðu sementi til neytenda, t.d. í BYKO og Húsasmiðjunni hf. hefur lækkað úr tæpum 23 þúsund krónum frá árinu 2000 í u.þ.b 16 þúsund krónur m/vsk árið 2002. Þetta gerist þrátt fyrir að SV hafi ekki mætt samkeppni í verðum frá API á þessum markaði. *API telur að þarna sé tilgangurinn að bægja frá samkeppni á pökkuðu sementi.*
8. Er þingmanni kunnugt um um að núverandi verðstefna SV gæti flokkast undir það sem kallast “skaðlag undirverðlagning” verði fyrirtækið talið markaðsráðandi? *API telur að SV selji sement í dag meðvitað undir kostnaðarverði sbr. nýlegar upplýsingar um rekstarafkomu SV.*


Hér að framan hefur undirritaður gert grein fyrir stöðu mála sem og svarað þeim ásökunum sem forráðamenn SV og hagsmunaaðilar hafa lagt fram gagnvart API. Einnig hef ég leyft mér að beina athygli að stjórnsluðmhverfi því sem API býr við sem og að leggja fram nokkrar spurningar sem varðar rekstur og samkeppnishætti SV.

Með vísan til ofangreinds þá er það mat undirritaðs að nærtækara væri að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hlutaðist til um að gagnger skoðun fari fram á starfsemi og samkeppnisháttum ríkisverksmiðjunnar, engu síður en starfsemi API.

Það er ljóst að starfsemi, starfsmenn og viðskiptavinir API hafa mátt þola um langa hrið dylgjur, atvinnuróg og aðkast frá hendi forráðamanna SV, embættismanna og nokkurra alþingismanna. Það er von forráðamanna API að væntanlegur úrskurður ESA (Eftirlitsstofnunar EFTA) sem og úrskurðir íslenskra samkeppnisyfirvalda geri það að verkum að siendurteknum árásum á starfsemi API linni.

Með vísan til ofangreinds þá er því harðlega mótmælt að Aalborg Portland A/S sem og Aalborg Portland Íslandi hf. stundi undirboð eða hafi önnur annarleg markmið á íslenskum sementsmarkaði.

Virðingarfyllst,



F.k. Aalborg Portland Íslandi hf
Bjarni Ó. Halldórsson frkvstj.

Alþingi
Erindi nr. **P** 128/258
komudagur 25.11.2002

Akraneskaupstaður

JPP/rp
Skj. 624.1/AK13802



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingishúsinu v/Austurvöll,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 21. nóvember 2002, var m.a. fjallað um bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18.11.2002, varðandi tillögu til þingsályktunar um verðmyndun á innfluttu sementi, 32. mál.

Bæjarráð Akraness fagnar framkominni tillögu og leggur til að hún verði samþykkt.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 22. nóvember 2002.

Virðingarfyllst,

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll

150 Reykjavík

AE/AA

Rvk. 2.12.2002

Efni: Úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi, mál nr. 32.

Tillagan fjallar um mál sem vakið hefur talsverða athygli og hafa samkeppnisyfirvöld fjallað um málið. Telja verður að mál á borð við þetta sé á gildissviði samkeppnislaga og beri samkeppnisyfirvöldum að kanna þá hluti sem tillagan kveður á um. Þær leiðir sem fyrir liggja til að stuðla að jafnræði milli aðila í samkeppni liggja hjá samkeppnisyfirvöldum, og er eðlilegt að máli þessu verði ráðið til lykta á þeim vettvangi.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi, 32. mál.

Staðan á íslenskum sementsmarkaði er um margt sérsök um þessar mundir og margt sem bendir til að þar geti orðið miklar sviptingar á næstu mánuðum og misserum sem ekki er víst að leiði til hagsbóta fyrir kaupendur sements þegar til lengri tíma er litið.

Um langa hríð hefur Sementsverksmiðjan hf. verið eini framleiðandi sements héraðs og nánast eini seljandi sements héraðs. Á þessu varð breyting þegar Aalborg Portland hóf að selja hingað sement haustið 2000 og mun frá þeim tíma hafa náð 20 - 30% markaðshlutdeild sem verður að telja allmikið á ekki lengri tíma en raun ber vitni.

Þrátt fyrir að Sementsverksmiðjan hf. hafi 70 - 80% markaðshlutdeild hefur Samkeppnisráð komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið sé ekki markaðsráðandi, sbr. úrskurð frá 28. október 2002, og að íslenski sementsmarkaðurinn sé frekar kaupendamarkaður en seljendamarkaður þar sem örfáir stórir kaupendur kaupi nánast allt sement.

Það er ljóst að til þess að Sementsverksmiðjan hf. geti borið sig þarf hún mikla markaðshlutdeild. Missi hún þessa markaðshlutdeild mun reksturinn stöðvast og þá verður í einu vettvangi uppi allt önnur staða á markaðnum. Þá situr Aalborg Portland eitt að markaðinum.

Í úrskurði samkeppnisráðs frá 16. maí 2002 segir m.a í forsendum þess að:

„...teljast það eðlilegir viðskiptahættir í samkeppnisþjóðfélagi að seljendur ýmissa nýrra vörutegunda eða tegunda sem lítt eru þekktar á íslenskum markaði selji vöru sína á lágu verði um stundar sakir til að laða neytendur að henni.“...

„...Sé miðað við tekjur fyrir hvert selt tonn af lausu hraðsementi í árslok 2001 eða jafnvel fyrir árið í heild er að mati ráðsins ljóst að tekjur hafa ekki nægt til að standa undir öðrum kostnaðarliðum hjá fyrirtækinu [Aalborg Portland á Íslandi hf.], s.s. vegna dreifingar, stjórnunar og afskrifta.“...

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 23. júlí segir m.a:

„...Eins og fram er komið er aðstaðan á umræddum markaði sérstök, ekki síst með hliðsjón af því að kaupendur eru örfáir að því er varðar stærsta hluta vörunnar. Staðan er ennfremur viðkvæm með hliðsjón af því að APÍ getur með undirverðlagningu sett framleiðslu áfrýjanda í verulegan vanda án þess að hafa ráðandi markaðshlutdeild.“...

... „Áfrýjunarnefndin lítur þó svo á að í vissum tilvikum geti engu að síður komið til beitingar 20. gr. samkeppnislaga einkum ef tilgangur viðkomandi fyrirtækis er í krafti sérstakra aðstæðna að raska óeðlilega þeirri samkeppni sem fyrir er á tilteknum markaði. Eins og lýst hefur verið að framan er staðan á markaðinum sérstök og viðkvæm. Af því leiðir að aðlögunartíminn getur ekki verið mjög langur. Það á sérstaklega við ef undirverðlagning er mikil. Áfrýjunarnefndin lítur þó svo á að aðlögunartíminn hafi enn ekki verið liðinn er ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/2002 var tekinn þann 16. maí 2002.“...

Hálft ár er nú liðið til viðbótar frá því að áfrýjunarnefnd samkeppnismála sagði aðlögunartímann ekki geta verið langan þótt hann hafi ekki verið liðinn að mati nefndarinnar þann 16. maí 2002.

Að mati Samtaka iðnaðarins virðast vera komnar fram verulegar vísbendingar á síðastliðnum misserum um að verðlagning Aalborg Portland á Íslandi hf. sé ekki með þeim hætti að eðlilegt geti talist. Nægir í því sambandi að benda á tilvitnanir í úrskurði samkeppnisráðs og úrskurðarnefndarinnar.

Tíminn skiptir höfuðmáli í þessu sambandi. Þess vegna er brýnt að flýta meðferð þess eins og unnt er og jafnframt að leiða í ljós eins fljótt og eins vel og mögulegt er staðreyndir um verðlagningu dansks sements í Danmörku annars vegar og á Íslandi hins vegar.

Samtök iðnaðarins styðja þess vegna að íslensk stjórnvöld láti fara fram vandaða sjálfstæða rannsókn á verðmyndun á innfluttu sementi. Slík athugun er forsenda þess að unnt sé að grípa til aðgerða til að hindra alvarlega og varanlega samkeppnisröskun á þessum markaði.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
máli nr. P 128/292
komudagur 27.11.2002



SEMENTSVERKSMÍÐJAN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Mánabraut 20 300 Akranes
Sími: 430 5000
Bréfasími: 430 5001
Netfang: sement@sement.is
Veffang: www.sement.is

Akranesi, 25. nóvember 2002

Efni: Bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2002.

Skv. framangreindu bréfi er óskað eftir umsögn Sementverksmiðjunnar hf varðandi þingsályktunartillögu um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi.

Sementsverksmiðjan hf lýsir yfir stuðningi við framangreinda tillögu.

Jafnframt leggur fyrirtækið til að hlutlausum aðila verði falið að taka saman helstu upplýsingar um verð og viðskiptahætti hjá sementsverksmiðjum í nálægum löndum, bæði að því er varðar sölu innan viðkomandi landa og vegna sölu til nálægra landa og annarra heimsálfa. Sementsverksmiðjan telur mikilvægt vegna mikillar umræðu um sementsverð að fyrir liggja nýjustu upplýsingar frá hlutlausum aðila um þau, einkum þar sem sementsverð hér á landi, yfirfært í erlenda mynt, hefur verið mjög óstuðugt vegna mikilla breytinga á gengi íslensku krónunnar undanfarin misseri og því auðvelt að halda á lofti samanburðarverðum sem hverjum og einum hentar.

Virðingarfyllt

SEMENTSVERKSMÍÐJAN HF



Gylfi Þórðarson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 128/496
komudagur. 4.12.2002



2. desember 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um verðmyndun á innfluttu sementi, 32.mál.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 18.nóvember sl. fengið tilvitnað þingmál til umsagnar.

Ekki er óalgengt að fram komi á Alþingi óskir um skoðun á ýmsum málum, þ.á.m. á verslun með ákveðnar vörur. Þannig hafa matvörur náð athygli þingsins og hliðstæð mál þar í gangi varðandi skoðun á verði þess vörflokks hér á landi. Þetta mál hlýtur að lúta sömu málsmeðferð og einbeitta vilja til að skoða á faglegan og hlutlausan hátt hvernig verðmyndun á sementi, ekki aðeins innfluttu heldur einnig innlendu ef samanburður á að fara fram á verði, eigi sér stað. Að sjálfu leiðir að ef við slíka skoðun kemur í ljós að eitthvað sé óeðlilegt í þessu ferli þá ber réttum eftirlitsaðilum að grípa inn í málið.

SVÞ leggja ekki gegn því að vönduð fagleg úttekt verði gerð á verðmyndun á sementsmarkaði, en benda á að það mun verða gert óháð lyktum þessarar tillögu þar sem Eftirlitsstofnun EFTA - ESA mun fjalla um kærur Sementsverksmiðjunnar gegn Aalborg Portland A/S sem varða verðmyndun á sementi til Íslands. Það er að mati SVÞ afar mikilvægt að ef sú þingsályktunartillaga sem hér er til umræðu verður samþykkt, að um þetta mál verði fjallað af til þess bærum yfirvöldum og í samræmi við gildandi samkeppnislög og samninga Íslands um EES. Þar sem Sementsverksmiðjan er ríkisfyrirtæki þarf sérstaklega að gæta þess að óhlutdrægni gæti við verkið. SVÞ benda á að samkeppnisyfirkönd á Íslandi hafa fjallað um kærur Sementsverksmiðjunnar á hendur APÍ og ekki talið ástæðu til þess að grípa til aðgerða. Í úrskurðinum felst að Samkeppnisráð taldi að verðlagning APÍ á sementi hafi ekki verið í andstöðu við ákvæði og tilgang samkeppnislaga. Úrskurðurinn var staðfestur af Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Því miður hefur stjórnmalabaráttu, bæjarpólitík o.fl. litað umræðu um sementsmarkaðinn og þingmenn og fulltrúar Akranesbæjar og launþegasamtaka þar viðhaft ummæli í ræðu og riti um APÍ og Dani sem betur væru ósögð. Þetta mál er samkeppnismál og verður ekki rekið á öðrum forsendum. Þar skiptir engu hvort Sementsverksmiðjan brennir úrgangsefnum, veitir fólki atvinnu eða eitthvað á móta. Það eina sem skiptir máli er hvort farið sé á svig við samkeppnislög og hvernig ESA metur hegðun seljenda sements á Íslandi samanborið við samninginn um innri markaðinn og þær leikreglur sem þar gilda.

Aalborg Portland A/S hefur ítrekað mótmælt ásökunum um undirboð á markaði og jafnframt lagt umbeðin gögn fyrir ESA. Forstöðumaður samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar hefur upplýst að skammt sé að biða eftir úrskurði ESA. SVÞ leggja áherslu á að beðið verði eftir þessum úrskurði áður en neitt frekar sé aðhafst. Málið leysist e.t.v. með honum.

Að öðru leyti vísast til ítarlegrar umsagnar Aalborg Portland Íslandi hf. dagsett 2.des. 2002.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Borgartúni 35
IS-105 Reykjavík, Iceland

Tel: +354 511 3000
Fax: +354 511 3001

svth@svth.is
www.svth.is

Alþingi
Erindi nr. P 128/529
komudagur 4.12.2002



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2002.

Efni: Tillaga til þingsál. um verðmyndun á sementi (32. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Ef þingsályktunartillaga þessi yrði samþykkt væri verið að veita ríkisfyrirtæki, sem keppir á markaði með einkaðilum, enn eina fyrirgreiðsluna því eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur hin ríkisrekna Sementsverksmiðja nú þegar vísað máli til samkeppnisyfirvalda. Það mál er enn óafgreitt og telur Verslunarráð ekki nein rök hníga til þess að þetta ríkisfyrirtæki eigi önnur úrræði umfram einkaaðila til að upplýsa um meint brot á samkeppnislögum. Verslunarráð teldi óheppilegt ef þingsályktunartillagan næði fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is